

78.fundur

5. apríl 2022

1605013SA BOH

Málalykill: 16.32

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Félags íslenskra hljómlistarmanna**

78. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna var haldinn þriðjudaginn 5. apríl 2022. Fundurinn var fjarfundur á Teams og hófst hann kl. 14:00.

Mætt voru f.h. FÍH, Gunnar Hrafnson og Eypór Ingi Kolbeins. Af hálfu SNS, Inga Rún Ólafsdóttir, Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Hagvaxtarauki**

Í gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tengiákvæði við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði um greiðslu hagvaxtarauka. Nú hefur forsendunefnd ASÍ og SA staðfest að hagvaxtarauki að upphæð 10.500 kr. komi á taxtalaun frá 1. apríl og til greiðslu þann 1. maí næstkomandi.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefndin er sammála um að frá 1. apríl bætist hagvaxtaraukinn 10.500 kr. við launatöflur gildandi kjarasamnings aðila. Hagvaxtaraukinn kemur til greiðslu frá og með mánaðarmótum apríl-maí 2022.

Fundi slitið klukkan 14:15.